



RAMMI ALÞJÓÐAÓLYMPÍUNEFNDARINNAR (IOC) UM SANNGIRNI, INNGILDINGU OG AFSTÖÐU GEGN MISMUNUN Á GRUNDVELLI KYNVITUNDAR OG BREYTILEIKA Á KYNEINKENNUM

Samþykktur af IOC í nóvember 2021

Inngangur

Sérhver manneskja á rétt á að iðka íþróttir án þess að sæta mismunun og á hátt sem virðir heilsu hennar, öryggi og reisn. Á sama tíma byggir trúverðugleiki keppnisíþrótta — sérstaklega skipulagðra íþróttakeppna á háu stigi — á því að jöfnuður ríki milli keppenda og engin íþróttamanneskja hafi ósanngjarnt og ósamsvarandi (e. *disproportionate*) forskot á jafningja sína.

Með þessum ramma um sanngirni, inngildingu og afstöðu gegn mismunun á grundvelli kynvitundar og breytileika á kyneinkennum vill Alþjóðaólympíunefndin (IOC) stuðla að öruggu umhverfi sem býður öll velkomin í samræmi við grunngildin sem birtast í Ólympíusáttmálanum. Ramminn tekur ennfremur tillit til þess að skilyrði fyrir gjaldgengi, leika mikilvægt hlutverk þegar kemur að því að tryggja sanngirni, sérstaklega í afreksíþróttum í kvennaflokki.

Útgáfa þessa ramma er hluti af vinnu IOC við skuldbindingu sína um að hafa mannréttindi í heiðri (í samræmi við Ólympíustefnuna 2020+5) og fellur undir aðgerðir til að stuðla að kynjajafnrétti og inngildingu.

Með því að gefa út þennan ramma viðurkennir IOC að það er á forræði hvernar íþróttar og forystu hennar að ákveða með hvaða hætti íþróttamanneskja getur haft ósamsvarandi forskot á jafningja sína, út frá eðli hvernar íþróttar fyrir sig. IOC er því ekki í stöðu til að gefa út reglugerðir sem skilgeina gjaldgengi í allar íþróttir, keppnisgreinar eða keppnisflokka þvert á ólík ríki og íþróttakerfi.

Þessi rammi miðar því að því að bjóða íþróttasamtökum — sérstaklega þeim sem bera ábyrgð á skipulagningu íþróttakeppni á afreksstigi — nálgun byggða á grunngildum sem þau geta beitt til að þróa þátttökuskilyrði fyrir sína íþróttagrein. Íþróttasamtök verða líka að hafa í huga þau siðferðislegu, félagslegu, menningarlegu og lagalegu skilyrði sem geta átt við í þeirra tilfellum.

Þessi rammi var þróaður eftir ítarlega ráðfærslu við íþróttafólk og hagaðila. Þar á meðal voru íþróttakeppendur, fulltrúar alþjóðasambanda og annarra íþróttasamtaka, og sérfræðingar í mannréttindum, lögfræði og læknisfræði. Ramminn kemur í staðinn fyrir og uppfærir fyrri yfirlýsingar IOC um þessi málefni, þar á meðal yfirlýsingu samstöðufundarins frá 2015.





Með ramma þessum viðurkennist hvort tveggja þörfin til að tryggja öllum, óháð kynvitund og breytileika á kyneinkennum, tækifæri til að iðka íþróttir í öruggu og áreitnilausu umhverfi sem virðir þarfir þeirra og sjálfsmyndir, og þeir hagsmunir allra — sérstaklega afreksíþróttafólks — að geta tekið þátt í sanngjarnri keppni þar sem enginn keppandi hefur ósanngjarnt og ósamsvarandi forskot á aðra.

Loks er IOC meðvitað um að keppni á afreksstigi í flestum íþróttum er skipulögð í aðskildum karla- og kvennaflokkum. Í því samhengi miða eftirfarandi grunngildi að því að tryggja að keppni í þessum flokkum sé sanngjörn og örugg og að íþróttafólk sé ekki útilokað einvörðungu á grundvelli þess að það sé trans eða með breytileika á kyneinkennum.

Þar sem setja þarf skilyrði um gjaldgengi til að stjórna þátttöku í karla- og kvennaflokkum skulu slík skilyrði ákvörðuð og þeim framfylgt sem hluta af heildstæðri nálgun sem byggir á virðingu fyrir alþjóðlega viðurkenndum mannréttindum, traustum gögnum og ráðfærslu við íþróttafólk. Í framkvæmdinni skal aðgát höfð til að forðast að skaða heilsu og velferð íþróttaiðkenda.

Grunngildi

Þennan ramma skal líta á sem samfellda heild. Stuðst skal við hann þegar alþjóðasambönd og önnur íþróttasamtök takast á við það ábyrgðarhlutverk sitt að ákvarða og framfylgja reglum um gjaldgengi í afrekskeppni í íþróttum sínum, keppnisgreinum og -flokkum. Eins skulu þau styðjast við hann í víðara samhengi þegar kemur að því að tryggja örugga og sanngjarna keppni út frá inngildingum og fyrirbyggingu mismununar á grundvelli kynvitundar og breytileika á kyneinkennum.

Þessi grunngildi voru samin út frá þörfum skipulegrar keppni í afreksíþróttum á háu stigi, en í íþróttaiðkun á öllum stigum skal hafa í hávegum og standa vörð um þau almennu gildi sem endurspeglast í grunngildunum: að stuðla að inngildingum og vinna gegn mismunun.

1. Inngilding

- 1.1. Öll, óháð kynvitund, kyntjáningu og/eða breytileika á kyneinkennum, eiga að geta tekið þátt í íþróttum á öruggan hátt og án þess að verða fyrir fordómum.
- 1.2. Grípa skal til aðgerða til að íþróttaaðstaða og -umhverfi bjóði fólk velkomið óháð kynvitund.
- 1.3. Íþróttasamtök ættu að vinna saman til að stuðla að inngildingum og fyrirbyggja mismunun á grundvelli kynvitundar og/eða breytileika á kyneinkennum með fræðslu, uppbyggingu á færni (e. *capacity building*), og herferðum sem byggja á upplýsingum frá hagaðilum.
- 1.4. Ferlar til að fyrirbyggja áreitni og ofbeldi í íþróttum skulu þróaðir frekar með því að taka til greina sérstakar þarfir og berskjaldandi þætti sem snerta trans fólk og fólk með breytileika á kyneinkennum.
- 1.5. Þegar íþróttasamtök velja að setja skilyrði um gjaldgengi til þátttöku í karla- og kvennaflokkum í tilteknum keppnisgreinum á íþróttamótum á háu stigi, skulu þau





skilyrði sett og þeim framfylgt í samræmi við grunngildin í þessum ramma. Einstaklingar eða aðilar sem bera ábyrgð á því að gefa slík skilyrði út skulu fá viðeigandi þjálfun til að tryggja að farið sé með þessi mál í samræmi við grunngildin.

- 1.6. Hönnun, framkvæmd og mat á þessum skilyrðum og ferlum skal fara fram með samráði við þverskurð þess íþróttafólks sem þau hafa áhrif á.

2. Fyrirbygging skaða

- 2.1. Líkamleg og andleg velferð íþróttafólks skal hafa forgang þegar skilyrði um gjaldgengi eru sett.
- 2.2. Íþróttasamtök skulu bera kennsl á og fyrirbyggja beinar og óbeinar neikvæðar afleiðingar fyrir heilsu og velferð íþróttafólks sem kunna að stafa af hönnun, framkvæmd og/eða túlkun skilyrða um gjaldgengi.

3. Spornað við mismunun

- 3.1. Skilyrði um gjaldgengi skulu sett og þeim framfylgt af sanngirni og á hátt sem útilokar íþróttafólk ekki kerfisbundið frá keppni vegna kynvitundar, líkamlegs útlits og/eða breytileika á kyneinkennum.
- 3.2. Að því gefnu að það uppfylli skilyrði um gjaldgengi sem uppfylla grunngildi 4 skal íþróttafólki heimilt að keppa í þeim flokki sem best passar við kynvitund þess.
- 3.3. Forsendur sem notaðar eru til að ákvarða ósamsvarandi forskot geta í einhverjum tilfellum krafist prófunar á frammistöðu og líkamlegri getu íþróttamanneskju. Þó skal engin íþróttamanneskja sæta prófunum vegna, eða til að ákvarða, kyn, kynvitund og/eða breytileika á kyneinkennum.

4. Sanngirni

- 4.1. Þegar íþróttasamtök velja að gefa út skilyrði um gjaldgengi í karla- og kvennaflokka í tiltekinni keppni, skal það gert með eftirfarandi að markmiði:
 - a) að skapa vissu um að enginn keppandi í flokknum hafi ósanngjarnt og ósamsvarandi forskot í keppni (það er að segja, forskot sem fengið er með því að breyta líkama sínum eða sem er hlutfallslega langt umfram það sem fyrirfinnst í íþróttakeppni á afreksstigi);
 - b) að fyrirbyggja að líkamleg hættu steðji að öðrum keppendum; og
 - c) að fyrirbyggja að keppendur segist hafa kynvitund aðra en þá sem þeir tjá annars og hafa gert með samkvæmum hætti í langan tíma, í þeim tilgangi að taka þátt í tilteknum keppnisflokki.





5. Forskot er ekki fyrirfram gefið

- 5.1. Engri íþróttamanneskju skal meinuð þátttaka né vísað frá keppni eingöngu á grundvelli óstaðfests, meints eða ætlaðs ósanngjarns forskots í keppni, sem rakið er til breytileika á kyneinkennum, líkamlegs útlits og/eða stöðu sem trans manneskja.
- 5.2. Þar til gögn (sem samrýmast 6. grein) gefa annað til kynna skulu íþróttaiðkendur ekki taldir hafa ósanngjarnt eða ósamsvarandi forskot vegna breytileika á kyneinkennum, líkamlegs útlits og/eða stöðu sem trans fólk.

6. Nálgun byggð á gögnum

- 6.1. Allar takmarkanir á gjaldgengi eiga að byggja á vönduðum, jafningjarýndum rannsóknum sem:
 - a) sýna fram á gegnumgangandi, ósanngjarnt, ósamsvarandi forskot í frammistöðu eða óumflýjanlega ógn við líkamlegt öryggi annarra keppenda;
 - b) byggja að miklu leyti á gögnum sem aflað er frá hópi sem er lýðfræðilega sambærilegur hvað varðar kyn og íþróttþátttöku við hópinn sem gjaldgengisskilyrðin eiga að gilda um; og
 - c) sýna fram á að þetta ósamsvarandi keppnisforskot eða þessi óumflýjanlega ógn við öryggi sé til staðar í þeirri tilteknu íþrótt, keppnisgrein og flokki sem gjaldgengisskilyrðin eiga að gilda um.
- 6.2. Ef gjaldgengisskilyrðin aftra íþróttamanneskju frá því að taka þátt í tiltekinni keppni, skal hún:
 - a) mega keppa í öðrum greinum og flokkum sem hún er gjaldgeng í í sama kynjaflokki; og
 - b) mega leita réttar síns með því að áfrýja lokaákvörðun alþjóðasambands eða annarra íþróttasamtaka gegnum viðeigandi innri málamiðlunarleið, svo sem umboðsmann, og/eða með málaferlum frammi fyrir Alþjóðaiþróttadómstólnum.

7. Heilsa og líkamleg friðhelgi í fyrsta sæti

- 7.1. Íþróttafólk ætti aldrei að sæta þrýstingi af hálfu alþjóðasambands, íþróttasamtaka eða annarra aðila (hvorki gegnum gjaldgengisskilyrði né eftir öðrum leiðum) um að undirgangast læknisfræðilega ónauðsynleg inngríp eða meðferð til að öðlast gjaldgengi.
- 7.2. Skilyrði um gjaldgengi í kynjaflokk skulu ekki fela í sér líkamsskoðun hjá kvensjúkdómalækni eða sambærilega nærgöngular líkamsskoðanir til að ákvarða kyn íþróttamanneskju, breytileika á kyneinkennum eða kyngervi.
- 7.3. Íþróttasamtöku skulu leitast við að fræða þjálfara, stjórnendur og aðra sem standa að íþróttastarfi til að fyrirbyggja skaðlegar túlkanir á gjaldgengisskilyrðum.





8. Hagaðilar leiki lykilhlutverk

- 8.1. Þegar skilyrði fyrir gjaldgengi eru skrifuð, yfirfarin, metin og uppfærð skulu íþróttasamtök eiga merkingarbært samráð við þverskurð þess íþróttafólks sem gæti orðið fyrir neikvæðum áhrifum, til að fyrirbyggja skaða.
- 8.2. Allar ákvarðanir sem hafa áhrif á getu íþróttamannskju til að taka þátt í keppni skulu teknar í samræmi við grundvallarreglur um réttláta málsmeðferð, þar með talið hlutleysi og óhlutdrægni.
- 8.3. Íþróttasamtök skulu setja upp innri ferla sem bjóða íþróttafólki og öðrum hagaðilum aðgengilegar, réttmætar, öruggar og fyrirsjáanlegar leiðir til að koma áhyggjum og kvörtunum sem varða gjaldgengi á grundvelli kyns á framfæri.

9. Réttur til friðhelgi einkalífs

- 9.1. Íþróttasamtök skulu tryggja gagnsæi í ákvarðanatökufærlum varðandi gjaldgengi um leið og þau vinna að því að varðveita friðhelgi einkalífs þeirra einstaklinga sem takmarkanir á gjaldgengi geta haft áhrif á. Þetta gildir um allar persónugreinanlegar upplýsingar sem unnið er með í ákvarðanatöku um gjaldgengi, sem skulu meðhöndlaðar í samræmi við gildandi lög og alþjóðlega staðla.
- 9.2. Læknisfræðilegar upplýsingar um íþróttamannskju, þar á meðal testósteróngildi, sem aflað er við lyfjæftirlit eða í öðru samhengi, verður að meðhöndla í samræmi við gildandi lög um friðhelgi einkalífs og má einungis nota í þeim tilgangi sem íþróttamannskjan er upplýst um þegar þeirra er aflað.
- 9.3. Afla skal upplýsts samþykkis frá íþróttafólki áður en gagna er aflað til að ákvarða gjaldgengi til keppni í karla- eða kvennaflokki.
- 9.4. Íþróttasamtök skulu forðast opinbera birtingu á trúnaðargögnum um heilsu og persónulega hagi íþróttafólks nema að samþykki þess liggja fyrir. Auk þess skulu íþróttasamtök hafa samráð við það íþróttafólk sem um ræðir um bestu leiðirnar til að miðla upplýsingum um gjaldgengi þess.

10. Reglubundin endurskoðun

- 10.1. Skilyrði um gjaldgengi skulu sæta fyrirsjáanlegri, reglubundinni endurskoðun svo þau endurspegli viðeigandi siðfræðilegar, mannréttindatengdar, lagalegar, vísindalegar og læknisfræðilegar framfarir á þessu sviði og skal endurskoðunin taka tillit til endurgjafar frá hagaðilum sem skilyrðin hafa haft áhrif á.

